

BARRIER

Barrier er tvíþátta, sínkríkur epoxý-grunnur.

Litir: Grár

Purrefni (% af rúmmáli): 53 ± 2

Blossamark: 27°C

Áferð: Mött

Sveigjuþol: Viðunandi

Vatnsþol: Frábært

Leysiefnaþol: Mjög gott

Samvirkni með katóðuvörn: Góð

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - míkron

	Þurr	Blaut
Möguleg:	25 - 90	45 - 170
Dæmigerð:	40	75



Grunnur á sandblásið stál, má nota með flestum tegundum þolnari málningarkerfa til að auka endingu þeirra.

Reiknuð þekja - m²/l

Möguleg: 22,2 - 5,8

Dæmigerð: 13,3

Undirbúningur flatar:

Sandblástur í lágmark Sa 2.5 (ISO 8501 - 1:1988 / SS 05 5900).

Áhöld: Háþrýstisprauta, pensill fyrir minni verk.

Blöndun herðis (rúmmál): 3 hl. A (stofn) á móti 1 hl. B (herðir), blandist 1/2 klst fyrir notkun.

Þynnir/Hreinsun áhalda:

Epoxýþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17)

Notatími (við 23°C): 1 -2 dagar (styttist við hærra hitastig).

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar:

Þrýstingur við spíss: 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,015" -- 0,021" (0,38 -- 0,53 mm)

Sprautugeisli: 40 -- 80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftins og lágmark 5°C, við lægra hitastig lengist þurrktíminn verulega. Daggarmörk skal meta við undirlagið. Hræra skal stöðugt upp í dósinni, meðan á málnun stendur til að koma í veg fyrir að þungt sínkduftið botnfalli.

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.

Hitastig undirlags 5 °C 10 °C 23 °C 35 °C

Snertiþurr	50 mín.	20 mín	10 mín.	5 mín.
Gegnumþurr	3,0 klst	2,0 klst.	1,5 klst.	1 klst.
Full harðnað	10 dagar	7 dagar	5 dagar	3 dagar

Yfirmálunartími¹

Lágmark	3,0 klst	2,0 klst.	1,5 klst.	1 klst.
Hámark ²	-----	-----	-----	-----



¹ Upplýsingar um yfirmálun eru miðaðar við málningu sem mælt er með ofan á sínkríka epoxymálningu.

² Fyrir yfirmálun skal flöturinn vera þurr og laus við öll óhreinindi

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.